

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1919.

Konungsúrskurður um lögum hins klofna fána og um notkun hans, svo og um fána hafnsögumanna; undirskrifaður af konungi 12. febr. 1919.

Konungsúrskurður um skjaldarmerki Íslands; undirskrifaður af konungi s. d.

Tilskipun um löggilt mælitæki og vogarhöld; undirskrifuð af konungi s. d.

Reglugjörð um breyting á reglugjörð 17. júní 1915, um opinber reikningskil; undirskrifuð af konungi s. d.

Bráðabirgðalög um innflutningsgjald af sildartunnum og efni í þær; undirskrifuð af konungi 6. mars 1919.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um sveitfesti þurfalings. 43

7. jan.

Hreppsnefndin í Mýrahreppi hefir skotið til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 30. júlí f. á., sem ákveður að Guðmundur Engilbert Jóhannesson skuli teljast sveitlægur í nefndum hreppi.

Maður þessi, sem síðastliðinn vetur í Seltjarnarneshreppi þá sveitarstyrk að upphæð 360 kr., er fæddur 23. mars 1881 í Mýrahreppi, er neitað hefir að greiða umkrafa $\frac{2}{3}$ hluta styrks þessa, vegna þess, að þurfalingurinn hafi í október 1916 verið búinn að vinna sjer sveitfesti í Reykjavík með 10 ára samfleyttri dvöl, án þess á þeim tíma að hafa þegið sveitarstyrk. Þessu hvorttveggja hefir borgarstjóri Reykjavíkur neitað.

Nú er það viðurkent, að fátækrastrjórnin í Reykjavík varð 27. september 1916 að ganga í ábyrgð fyrir sjúkráðuskostnaði barns þessa þurfalings. Var þann sama dag tekin æfiferilsskýrsla hans og hún send til framfærsluveitar hans, Mýrahrepps, er með brjefi, dags. 5. des. s. á., viðkurkendi sveitfestina. Lá barnið að eins þrjá daga og andaðist á sjúkráðusinu 30. sept. Nam greindur kostnaður 9 kr., er ávísað var til útborgunar úr bæjarsjóði 10. n. m. og var útfararkostnaður barnsins einnig greiddur úr bæjarsjóði næsta dag.

Hreppsnefnd Mýrahrepps heldur því nú fram, að framangreind ábyrgð geti ekki talist sem sveitastyrkur, er rjúfi sveitfestisvinsludvöl mannsins, og það því fremur, sem Mýrahreppur hafi aldrei verið krafinn um endurgreiðslu hins veitta styrks, sem þurfalingurinn sjálfur hafi endurgreitt bænum 4. apríl 1917, þó ekki útfararkostnaðinn, 78 kr. 2 a. Á þessa skoðun hreppsnefndarinnar verður þó ekki fallist, styrkveitingin byrjar um leið og Reykjavíkurbær tekst ábyrgðina á hendur. Hvenær fjárgreiðslan sjálf fer fram, er mál milli sjúkráðsins og bæjarins og er óháð því, hvenær þurfalingurinn varð styrkþurfa og var veittur styrkurinn. Þessi styrksþaga þurfalingsins hefir gert það að verkum að hann, hvað sem löglegrí dvöl hans

43 í bænum annars liður, árin 1906—1916, hefir ekki náð því að vinna sjer sveit í Reykjavíkurbæ með fullnáðri 10 ára styrklausri dvöl þessi ár. Að fátækrastrjórn Reykjavíkur framfylgdi ekki endurgjaldskrófu sinni gagnvart framfærslusveitinni og að þurfalingurinn endurgreiddi sjúkrahúskostnaðinn sjálfur, á næsta ári, afmáir ekki hitt, að styrkurinn var þeginn.

Samkvæmt framansögðu úrskurðast, að nefndur Guðmundur Engilbert Jóhannesson skuli teljast sveitlægur í Mýrahreppi og ber honum því að endurgreiða Seltjarnarneshreppi $\frac{2}{3}$ af ofangreindum 360 kr. með 240 kr.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Mýrahrepps og ber yður að annast um að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

44 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um endurgreiðslu**
6. maí *d veittum sveitarstyrk.*

Konan Sigríður Þorsteinsdóttir dvaldist í Vatnsleysustrandarhreppi og var sögð þar til sveitar vorð 1916. Var tekin æfiferilsskýrsla af henni 24. júní s. á., er leiddi það í ljós, að Sigríður, er var 86 ára gömul, átti framfærslusveit í Landmannahreppi. Hreppsnefndin í fyrnefndum hreppi vildi nú að Sigríður væri þegar flutt fátækraflutningi en hjeraðslækni þótti hún ekki flutningsfær og gaf út vottorð um það 26. júní s. á. Þrátt fyrir þetta vottorð krafðist oddviti Landmannahrepps, með brjefi dags. 30. júlí s. á., að þurfalingurinn væri fluttur fátækraflutningi á sína sveit, en um leið og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sendi þetta brjef til hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi neitaði hann að gefa út vegabrjef fyrir þurfalinginn, þar sem hann hefði ekki enn þegið 100 kr. og hvorki dvalarnje framfærslusveit gætu því krafist þvingunarflutnings, og þrátt fyrir beiðni þar um vildi hreppstjóri Vatnsleysustrandarhrepps ekki byrja flutninginn án vegabrjefs með hlöðsjón af lækni-vottorðinu. Varð þannig ekki af flutningnum. Oddviti Vatnsleysustrandarhrepps sendir svo reikning til framfærslusveitarinnar fyrir meðlaginu frá 1. júlí 1916 til 14. desbr. s. á. kr. 100.20 og krefst endurgreiðslu á $\frac{2}{3}$ þeirrar upphæðar, en fer jafnframt fram á að styrkur þar á eftir verði endurgreiddur að fullu. Oddviti Landmannahrepps sendir með brjefi, dags. 17. mars 1917, hinar umkröfðu kr. 66.80 en krafan um fulla endurgreiðslu framvegis finst honum of fljótt fram borin, enda neitar hann að greiða kröfu, dags. 18. júlí 1917, að upphæð 121 kr. 20 aur. fyrir tímabilið frá 14. desember 1916 til 1. júlí 1917, nema að $\frac{2}{3}$ og varð það til þess, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu með brjefi, dags. 17. nóv. 1917, beiddist úrskurðar yðar, herra sýslumaður, um ágreining þenna, og í úrskurði yðar, dags. 7. sept. f. á., var svo ákveðið, að Landmannahreppur skyldi vera laus við að greiða Vatnsleysustrandarhreppi frekara en orðið var, sem og allan styrk lagðan þurfalingnum í síðarnefndum hreppi frá 1. júlí 1917 og þar til hann yrði fluttur á sína sveit. Virðist niðurstaða þessi byggð á því, að dvalarhreppurinn hafi vanrækt fátækraflutning á Sigríði.

Að slík vanræksla hafi átt sjer stað af hendi hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps verður samt ekki sjeð af þeim gögnum, sem liggja fyrir í málinu. Eins og áður er sagt taldi hjeraðslæknir þurfalinginn ekki flutningsfæran svo langa leið, og hefir hann síðar með vottorði, dags. 30. okt. 1918, lýst því, að sökum ellihrumleika manneskjunnar og annarar bilunar hefði flutningurinn getað valdið heilablóðfalli og skyndilegum dauða hennar. Þar sem nú lögflutningi varð ekki beitt þegar framfærslusveitin fór fram á það og ekki gat komið til mála að flutningur væri framkvæmdur nema besta og blífasta tíma ársins, gat fyrst orðið spurning um að flytja þurfalinginn sumarið 1917, en þá er þess að gæta, að oddviti Land-